

Ed. 517. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 29. mars.)

Samhljóða þskj. 230 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Í stað „varasjóð skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr.“ í 1. mgr. 57. gr. laganna komi: fjárfestingarsjóð skv. 11. tl. 31. gr., sbr. 54. gr.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Við álagningu tekjuskatts á árunum 1984 og 1985, vegna tekna árána 1983 og 1984, skulu skattskyldum aðilum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. heimil tillög í varasjóð í stað tillaga til fjárfestingarsjóðs samkvæmt 11. tl. 31. gr. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.-10. tl. 31. gr. Öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð skulu gilda varðandi þessi varasjóðstillög uns varasjóði hefur verið ráðstafað að fullu.